

„Hysterian „liggur í landi.““ Nýjar hugmyndir um geðveiki ná til íslenskra lækna Sigurgeir Guðjónsson

Í þessari grein er markmiðið að athuga hvort nýjar hugmyndir um hysteriu sem náðu fótfestu á meginlandi Evrópu eftir miðja 19. öld höfðu áhrif á Íslandi. Í því tilliti verða manntölin sem lögð voru fyrir árin 1845 til 1910 og ársskýrslur héraðslækna til landlæknis höfð til viðmiðunnar.

Hysteria er gamalt sjúkdómsheiti sem nær aftur til fornaldar. Það hefur verið nefnt móðursýki á íslensku og er nafnið dregið af gríska heitinu hysteria, eða leg. Ekki er ljóst hvað var átt við með sjúkdómsheitinu en legið var talið orsök margra kvilla er gátu hrjád konur.¹ Það er erfitt að meta hvort þetta voru eiginlegir geðsjúkdómar eða aðrir kvillar. Á 17. öld komst hysteria á kortið sem sjúkdómsgreining í heimi læknisfræðinnar og voru það rannsóknir Tomas Willis sem höfðu mest áhrif og má nefna rit hans *Pathologicae cerebri, et nervosi generis specimen*, frá árinu 1667. Þær hugmyndir urðu smám saman ríkjandi að geðsjúkdómar ættu rætur í taugakerfinu og heilanum en ekki í vessum líkamans. Rannsóknir Jean Charcot á Salpétre spítalanum í París á sjöunda áratug 19. öld átti eftir að hafa mikil áhrif og reyndi hann að lækna sjúkdóminn með dáleiðslu. Áhorfendur fengu að vera vitni að dáleiðslunni og urðu þetta vinsælir viðburðir sem eftir var tekið víða um Evrópu.²

Í bókinni *Female malady*, benti feminískri bókmenntafræðingurinn Elaine Showalter á að hysteria væri ekki sjúkdómur í eiginlegum skilningi heldur tilbúið kennimark (stigmata), sem hefur verið notað í gegnum aldirnar til að hafa hemil á konum í samfélaginu. Showalter skoðaði sérstaklega aðstæður í Englandi á síðari 19. aldar og benti á að fjöldi hysteriutilfella hefði aukist samhliða því sem konur reyndu að bæta hag sinn og öðlast sjálfstæði. Í því tilliti lítur hún fyrirbærið sem ákveðið vopn gegn konum og sjálfsforræði þeirra.³ Showalter lýsir því hvernig læknir Virginiu Wolf vildi láta hana draga úr heimalærdómi og stunda garðyrkju sér til heilsubótar. Metnaður Virginiu gæti nefnilega skaðað hana. Einnig vísar Showalter í þekkt bókmenntaverk, t.d. Jane Eyre eftir Brontë, en ein af sögupersónunum var hin geðveika Bertha Mason sem þurfti að fela í lokuðu þakherbergi. Hún nefnir einnig skrif læknaprófessorsins Henry Maudsley upp úr

¹ Michael Gelder, [et al.] *Shorter Oxford textbook of psychiatry* (Oxford: Oxford university press 2001), bls. 254. Ýmsir skrifuðu um hysteriu á 18. öld og fyrri hluta 19. aldar. Það má nefna skrif Charles Perry frá árinu 1755, Edward Shorter, *A history of psychiatry. From the era of the asylum to the age of prozac* (New York: John Wiley & Sons, Inc 1997), bls. 25. Orðið móðursýki er íslenskt heiti yfir hysteriu. *Íslensk orðabók*, M-Ö Ritstjóri Mördur Árnason, fjórða útgáfa. (Rvík: Edda 2007), bls. 1017. Eitthvað var um að íslenskir læknar notuðust við heitið á seinni hluta 19. aldar. Júlíus Halldórsson héraðslæknir notaði það í ársskýrslu til landlæknis árið 1882. *Þ.Í. Skjalasafn landlæknis, ársskýrslur héraðslækna*, 1882, 8. læknishéraði, Júlíus Halldórsson.

² Ruth Harris, *Murders and madness. Medicine, law, and society in the fin de siècle* (Oxford: Clarendon press 1989), bls. 155–203.

³ Elaine Showalter, *The female malady. Women, madness and english culture 1830–1980* (London: Virago 1991).

miðri 19. öld þar sem hann telur of langa skólagöngu og frama fara illa með viðkvæmt taugakerfi kvenna.⁴ Ýmsir hafa gert athugasemdir við hugmyndir Elaine Showalter, m.a. skoski fræðimaðurinn R.A. Houston sem rannsakað hefur geðveika og aðstæður þeirra í Skotlandi á 18. öld og fyrri hluta 19. aldar. Hann sagði geðsjúkdóma og ýmsa geðkvilla valda því að fólk ætti erfitt með að fóta sig í samfélaginu og næði því ekki að uppfylla kröfur þess um viðeigandi hegðun og háttarni. Orsök þess væri ekki vilji samfélagsins til að halda geðveiku fólki niðri heldur staðfesti þetta að fólk með geðsjúkdóma þyrfti ákveðna meðhöndlun því það væri veikt.⁵

Konur voru meirihluti geðveikra á seinni hluta 19. aldar á Íslandi

Aðstæður geðveikra voru slæmar á Íslandi. Það var enginn geðspítali í landinu og var geðveikt fólk hýst inni á heimilum víða um landið.⁶ Þess voru dæmi að „slegið væri utan um“ geðveika og þeir settir í einskonar klefa eða búr eða þeir bundnir niður.⁷ Háskólamenntaðir lækna höfðu fá ráð gegn geðsjúkdómum og öðrum geðkvillum en reyndu að koma ýmsum upplýsingum til almennings. Hér má t.d. nefna að Jón Hjaltalín landlæknir birti grein í *Þjóðólfi* árið 1866 þar sem hann sagði að mjólkurneysla dygði vel gegn móðursýki og það myndi einnig róa þá sem væru vitstola að drekka eitt mjólkurglas fyrir svefninn.⁸ Vafalítið komu þessar ráðleggingar að takmörkuðum notum. Í upphafi 20. aldar kynntust íslenskir lækna síðan greiningarkerfi Emil Krapelins sem mörkuðu upphaf að nútímageðlæknisfræði en í millitíðinni bar á öðrum hugmyndum.⁹

Það má sjá í töflu 1.1 að á árabílinu 1880–1901 voru hlutfallslega fleiri konur en karlar taldar geðveikar.¹⁰

⁴ Elaine Showalter, *The female malady*, bls. bls.68–69 og 124–126.

⁵ R.A. Houston, „Madness and gender in the long eighteenth century“, *Social history* 27, (2002), bls. 310–311.

⁶ Í nágrannalöndunum risu fyrstu sérþjúkgeðspítalarnir á fyrstu áratugum 19. aldar. Reyndar voru þetta frekar geymslustaðir en eiginleg spítalahús. Edward Shorter, *A history of psychiatry*, bls. 33–69.

⁷ Úr Austur-Skaftafellssýslu hefur varðveist bréf frá árinu 1857 sem sýnir hvernig brugðist var við og „slegið utan um konu“ þegar hún varð skyndilega brjáluð. *Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu*. Bréf E-33-2-5. Guðmundur Björnsson landlæknir lýsti því í greinargerð vegna stofnunar geðspítala á Íslandi hvernig geðveik kona var bundin niður. Guðmundur Björnsson, Fylgiskjal 1, „Tillögur um frumvarp til laga um stofnun geðveikrahælis á Íslandi“ *Tillögur um frumvarp um stofnun geðveikrahælis frá nefnd þeirri er skipuð hefur verið samkvæmt konungsúrskurði 13. nóvember 1901 til þess að ihuga og koma fram með tillögur um fátækra og sveitastjórnarmál*. (Rvík; án útg 1905), bls. 8.

⁸ Jón Hjaltalín, „Um lækningar með mjólk“ *Þjóðólfi*, 11. desember 1866, bls. 26.

⁹ Edward Shorter, *A history of psychiatry*, bls. 100–109. Á sjötta áratug 20. aldar urðu síðan umskipti á meðhöndlun geðveikra þegar kom í ljós að Chlorpromazine lyf virtust hafa áhrif á geðklofa. Edward Shorter, *A history of psychiatry*, bls. 246–255.

¹⁰ Við notkun á manntölunum má benda á eftirfarandi: Varðandi manntalið árið 1845 var stuðst við frumgögn manntalsins, *D.Í.* Statískt bureau, manntal 1845. Hvað varðar manntölin á árabílinu 1850–1890 var stuðst við vélritaðar skrár á lessal Þjóðskjalasafnins. *D.Í.* Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880 og 1890, vélritaðar skrár. Hvað varðar manntölin árin 1901 og 1910 var stuðst við frumgögn manntalanna, *D.Í.* Statískt bureau, manntal 1901, . *D.Í.* Hagstofa Íslands, manntal 1910.

Tafla 1 Fjöldi geðveikra eftir kyni og hlutfall af hverjum 1000 íbúum

Ár	Alls			Fjöldi karla	Hlutfall	Fjöldi	
		kk	kvk			kvenna	Hlutfall
1845	135	60	75	27.896	2,1	30.662	2,4
1850	91	39	52	28.234	1,3	30.923	1,6
1855	27	10	17	30.869	0,3	33.784	0,5
1860	26	11	15	31.867	0,3	35.120	0,4
1870	5	1	4	33.103	0	36.660	0,1
1880	80	17	63	34.150	0,5	38.295	1,6
1890	123	30	93	33.689	0,9	37.238	2,4
1901	133	37	96	37.583	0,9	40.887	2,3
1910	200	67	111	41.105	1,6	44.078	2,5

D.Í. Statistisk bureau, manntal 1845. *D.Í.* Manntöl 1850, 1855, 1860, 1870, 1880 og 1890 .
D.Í. Hagstofa Íslands, *manntal 1910*.

Guðmundur Björnsson landlæknir benti á hve hlutfallslega fleiri konur en karlar voru taldar geðveikar í tillögum til laga um stofnun geðspítala árið 1905. Hann bætti síðan við að það væri „með öllu órannsakað“ hversvegna svo væri.¹¹ Í framhaldinu er ætlunin að koma með mögulegar skýringar á þessu. Í manntalinu árið 1845 var í fyrsta skipti skylt að skrá geðveikt fólk og hélt ákvæðið í manntalinu árið 1850.¹² Það flækir þó málin að í manntölunum árin 1855, 1860 og 1870 voru geðveikir ekki lengur skráningarskyldir.¹³ Geðveikir voru aftur skráningarskyldir í manntölunum árin 1880, 1890, 1901 og 1910.¹⁴

Í leiðbeiningum (instrúxunum) sem fylgdu manntölunum voru ákveðin orð notuð yfir geðveiki. Í instrúxi fyrir manntalið árið 1845 voru orðin „vitskertur“ og „vitstola“ nefnd jafnhliða og voru dönsku orðin „berövede“, „fiolledede“ og „afsindig“ notuð í sama dálki á skráningarblöðum manntalanna yfir geðveiki.¹⁵ Orðið vitskertur er vandmeðfarið og bendir til þess að hluti þeirra sem á síðari tímum voru kallaðir „vangefnir“ hafi verið taldir með.¹⁶ Í manntalinu árið 1850 var orðið „vitstola“ hinsvegar hvorttveggja tekið fram í instrúxinu og á

¹¹ Guðmundur Björnsson, Fylgiskjal 1, „Tillögur um frumvarp til laga um stofnun geðveikrahælis á Íslandi“ bls. 7.

¹² *Lovsamling for Island* (án. nr./1845). –1845, bls. 203. *Lovsamling for Island* (nr.124–141/1850). 1850, bls. 408.

¹³ *Lovsamling for Island* (nr. 377/1855). –1855, bls. 180-189. *Lovsamling for Island* (nr.95/1860).–1860, bls. 19. *Lovsamling for Island* (nr.561/1870).–1870, bls. 570.

¹⁴ *Stjórnartíðindi* (nr. 52/1880). –1880 B, bls. 55. *Stjórnartíðindi* (nr. 67/1890). –1890 B, bls. 79. *Stjórnartíðindi* (nr. 18/1901). –1901 A deild, bls. 66-69. *Stjórnartíðindi* (nr. 116/1910) –1910 B, bls. 229–230.

¹⁵ *Lovsamling for Island* (án. nr./1845).–1845, bls. 203. *D.Í.* Statistisk bureau, manntal 1845.

¹⁶ Sjá, Rannveig Traustadóttir, „Í nýjum fræðaheimi: Upphaf fötlunarfræða og átök ólíkra hugmynda“ *Fötlun: Hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði*. Ritstjóri, Rannveig Traustadóttir,, (Rvík: Háskólaútgáfan 2006) , bls. 13–36.

skráningarblöðum manntalsins.¹⁷ Árin 1880 og 1890 var orðið „geðveikur“ notað jafnt í instrúxi og á skráningarblöðum manntalanna. Í instrúxunum sem fylgdu manntölunum árin 1901 og 1910 var ekki sérstaklega minnst á geðveika en á skráningarblöðunum sem fylgdu manntölunum átti að merkja við hvort viðkomandi væri „sinnisveikur.“¹⁸ Af og til fylgja þó önnur orð eða heiti með sem ætlað er að skýra nánar hvernig veikindin lýsa sér og átti það sérstaklega við manntölin 1855, 1860 og 1870 þegar ekki var skylt að telja geðveika. Hér má meðal annars benda á: „er út af sér“, með brjálsemi“, „ráðvilltur“, „sinnisdeyfður“, „bilaður á geði“, og „missti vit.“¹⁹ Af þessu má sjá að þeir sem skráðu hverjir væru geðveikir notuðu ekki lækisfræðileg heiti yfir einstaka geðsjúkdóma sem hrjáðu viðkomandi einstaklinga. Er skýringin á því að konum fjölgar í manntölum eftir miðja 19. öld að þær sem sagðar voru með hysteriu eru taldar geðveikar? Margt bendir til þess. Í ársskýrslum héraðslækna er hysteria flokkuð með öðrum geðsjúkdómum, s.s maniu, melancholii og hypochondria.²⁰ En nánar um forsögu hysteriu á Íslandi.

Hugmyndir lækna um móðursýki (hysteriu)

Sveinn Pálsson læknir og náttúrufræðingur nefndi árið 1794 að móðursýki, (hysteria) væri oftast vægur sjúkdómur sem hrjáði konur en gæti breyst í alvarlega geðveiki, eða melancholia eins og hann nefndi slík veikindi.²¹ Jón Hjaltalín læknir lýsti því í grein í *Nýjum Félagsritum* árið 1841 hvernig blóðtökur nýttust gegn hysteriu. Jón sagði að hysteria gæti stundum komið vegna blóðríki eða tíðateppu „og er þá gott að taka blóð á fótum einu sinni eða tvisvar.“²² Læknirinn J.R. Hüberz var sá fyrsti sem gerði skipulega talningu á geðveikum í Danmörku. Veturinn 1841-42 hafði hann farið um þýsku hertogadæmin og kynnt sér geðspítala og aðbúnað á geðveiku fólki og í kjölfarið lagði hann fram tillögur um breytingar til yfirvalda í málefnum geðveikra í ríkinu. Hann birti tillögurnar síðan í ritinu *Om daarevaesens indretning i Danmark* árið 1843. Hann fór ekki til Íslands en Jón Hjaltalín landlæknir sagði í *Nýjum Félagsritum* árið 1844 að hann hefði stuðst við tölur frá kansellíinu um fjölda geðveikra í landinu. Það kemur fram í riti J.R. Hüberz að geðveikir á Íslandi hafi verið 52, 31 kona og 21 karlmaður. Í ritinu minnst hann ekki á hysteriu.²³ Það gerði hinsvegar Petur Anton Schleisner árið 1849 en samkvæmt honum voru 188 konur með hysteriu í

¹⁷ *Lövsamling for Island* (nr.124–141/1850).–1850, bls. 408.

D.Í. Statistisk bureau, manntal 1850.

¹⁸ *Stjórnartíðindi* nr. 51/1880).–1880 B, bls. 55. *Stjórnartíðindi* (nr. 67/1890).–1890 B, bls. 79. *Stjórnartíðindi* (nr. 18/1901). –1901 A deild, bls. 66–69. *Stjórnartíðindi* (nr. 116/1910).–1910 B, bls. 229–230. *D.Í.* Statistisk bureau, manntöl 1880, 1890, og 1901. *D.Í.* Hagstofa Íslands, manntal 1910.

¹⁹ *D.Í.* Manntöl 1855, 1860 og 1870, vélritaðar skrár

²⁰ *D.Í.* Skjalasafn landlækna, ársskýrslur héraðslækna.

²¹ Sveinn Pálsson „Tilraun að upptelja sjúkdóma þá er að bana verða og orðið geta fólki á Íslandi“ *Rit þess (konunglega) íslenska lærdómslistafélags*, 15 (1794), bls. 85.

²² Jón Hjaltalín, „Um lækna skipun á Íslandi“ *Ný Félagsrit*, 4 (1844), bls. 54.

²³ J.R. Hüberz, *Om daarevaesens indretning i Danmark*, (Kaupmannahöfn: án útg 1843), bls. vii–xiv (formáli), 33–34, 43–44 og 48–49. Jón Hjaltalín, „Um lækna skipun á Íslandi“, bls. 98.

landinu en það þýðir að hlutfall hysterískra kvenna hafi verið sex af hverjum þúsund konum. Á sama tíma fann hann út að 82 karlmenn og 52 konur væru með það sem hann kallaði „andre kroniske nervesygðome“²⁴ Þetta gefur til kynna að hann álitur hysteriu ekki vera eiginlegan geðsjúkdóm heldur einskonar „borderline“ tilfelli, ef við notum tungutak sem notað er í dag um hegðun eða atferli sem erfitt er að gefa ákveðið fræðiheiti.

Ársskýrslur íslenskra héraðslækna á seinni hluta 19. aldar sýna að flestar geðveikar konur voru greindar með hysteriu.“ Hysteria forkomenn er hyppig“ sagði Jósep Skaftason læknir á Hnausum í Húnavatnssýslu í ársskýrslu til landlæknis árið 1874.²⁵ Árið 1885 sagði Jónas Jónassen læknir í Reykjavík sjúkdóminn algengan og einfaldlega „liggja í landi.“²⁶ Hann hafði nefnt í ársskýrslu sinni árið 1884 að hysteria, „hefur eins og ávallt að undanförunu verið einhver hinn almennasti sjúkdómi og þó eru langtum fleiri móðursjúkir, sem eigi leita læknisráða.“²⁷ Þessi athugasemd gefur til kynna að í mörgum tilvikum hafi einkennin verið væg og vafamál hvort viðkomandi fengi hysteriu greiningu. Árið 1884 gaf Jónas Jónassen út bókina *Lækningabók handa alþjóðu á Íslandi* og nefndi hann einn kaflann „Um móðursýki.“²⁸ Þar er einkennum sjúkdómsins lýst og nefnt að hysteriu fylgdi æsingur og duttlungar í skapi, næm skilningarvit, ljósfælni, viðkvæmt hörund, verkir í kvið, mjöðmum og baki, mikill hjartsláttur, krampi og stundum yfirlið.²⁹ Í þessari upptalningu eru einkennin nokkuð mismunandi og oft hlaut það því að vera matsatriði hvort læknar greindu sjúklinga með hysteriu eða ekki. Ekki bætir úr skák að sjaldnast er að finna nánari skýringar á því hvað læknarnir eiga við þegar þeir skrá hysteriu tilfelli í ársskýrslur sínar.

En hvað taldi Jónas Jónassen orsaka hysteriu? Hann hélt sig við eldri hugmyndir um að ólag í „fæðingarpörtum“ orsakaði sjúkdóminn og væri því mikilvægt að konur hefðu reglulegar tíðir; „reynslan sýnir að með óreglunni fylgir sjúkleiki, sem smáfist með köflum og stundum svo, að sjúklingurinn tekur aldrei á heilum sjer.“³⁰ Hann áleit að konur gætu gert ýmislegt til að fyrirbyggja tíðateppu, sérstaklega taldi hann mikilvægt að þær yrðu ekki blautar í fæturnar við heyvinnu á útengjum. „Hún á að vera í tvennum sokkum og góðum skinnsokkum, sem nái upp undir hné og þar eð margar eru fátækar og hafa ekki ráð að eignast skinnsokkana, ætti

²⁴ Peter Anton Schleisner, *Island undersøgt fra et lægevidenskabeligt synspunkt*, (Kaupmannahöfn: C.G. Iversen 1849), sjá töflu 1, án bladsíðutals.

²⁵ Alls voru það 12 sjúklingar í ársskýrslunni. *D.Í. Skjalasafn landlæknis, ársskýrslur héraðslækna, 1874*, Vestara vesturhéraði, Norður og austuramtsins, Jósep Skaftason.

²⁶ *D.Í. Skjalasafn landlæknis, ársskýrslur héraðslækna, 1885*, fyrsta læknishéraði, Jónas Jónassen.

²⁷ *D.Í. Skjalasafn landlæknis, ársskýrslur héraðslækna, 1884*, fyrsta læknishéraði, Jónas Jónassen.

²⁸ Jónas Jónassen, *Lækningabók handa alþjóðu á Íslandi*, (Rvík: án útg 1884), bls. 349-354.

²⁹ Jónas Jónassen, *Lækningabók handa alþjóðu á Íslandi*, bls. 350–351. Þá lýsti Fritz Zeuthen læknir í

Austfirðingafjórðungi einu hysteriu tilfelli árið 1876 þar sem krampar fylgdu. Sama ár nefndi Þorsteinn Jónsson læknir í Vestmannaeyjum hysteriu tilfelli af „melanchólskum“ uppruna og árið 1891 nefndi hann hysteriu tilfelli með sinatægjum. *D.Í. Skjalasafn landlæknis, ársskýrslur héraðslækna, 1876*, 15. læknishéraði, Fritz Zeuthen. *D.Í. Skjalasafn landlæknis, ársskýrslur héraðslækna, 1876*, 1891, 20. læknishéraði, Þorsteinn Jónsson .

³⁰ Jónas Jónassen, „Stúlkurnar mega ekki standa á votengi skinnsokkalausar“, *Eir*, 2 (1900), bls. 36.

húsbóndinn að leggja stúlkunni þá til,³¹ Einnig hafði Jónas Jónassen ráðlagt konum með hysteriu að þvo sér daglega í köldum sjó eða vatni og stunda almenna hreyfingu, gönguferðir og útreiðartúra. Einnig gátu laukdropar hjálpað þeim að ná bata ef óþægindi fyrir brjósti eða kökkur í hálsi fylgdi með.³² Ósagt skal látið hvort þessi ráð komu að gagni.

Um miðja 19. öld höfðu smáskammtalækningar eða *homopathia* borist til landsins. Aðferðina má rekja til þýska læknisins Hahnemann og fólst hún í að nota lyf í útþynntum skömmtum og vinna þannig gegn veikindum.³³ Jón Hjaltalín landlæknir varaði við hómópatalækningum í *Þjóðólfi* þann 31. maí árið 1856 og seinna sama ár sendi hann frá sér ritið, *Vísindin, reynslan og homöpatharnir*.³⁴ En málið var ekki einfalt því oft komu fram efasemdir um getu háskólamenntaðra lækna til að lækna ýmsa sjúkdóma og kvilla. Í ágúst 1856 sagði í *Norðra* að læknar verði að „hlífast við að ofsækja þá menn, er þó opt hafa hjálpað og hjálpa svo mörgum manni.“³⁵ Dæmi voru um að skottulæknar (hómópatar) hefðu afskipti af konum sem voru taldar vera með hysteriu. Árið 1895 sagði Kristján Kristjánsson læknir í Seyðisfjarðarhéraði eftirfarandi um Lárus Pálsson hómópata: „Hysteriskri konu hafði hann skipað að liggja í rúminu, og átti jeg mjög bágð með að vinna hana til að fara á fætur. Hún hafði og eitthvert meðalagutl frá honum. ... og er meinlegt, að þessháttar fólk skuli hafa leyfi til að ganga laust og fara í spekulantstúra.“³⁶

Læknar reyndu að ýta hómópötum frá læknisverkum og nutu þeir stuðnings ríkisvaldsins til þess. Samkvæmt stöðulögunum árið 1871 skyldi ríkissjóður Danmerkur greiða ákveðna upphæð á hverju ári til landssjóðs Íslands og með þessu móti vannst svigrúm til að fjölga embættismönnum í landinu. Lög um læknaskipan frá árinu 1875 tryggðu læknum föst laun, lögskipuð réttindi og heimild til gjaldtöku fyrir unnin læknisverk.³⁷ Það má finna óöryggi gagnvart hómópötum í ræðu Sighvats Árnasonar á Alþingi árið 1875 í umræðum um nýja læknaskipan þar sen hann varaði við því að gjaldskráin sem fylgdi lögunum mætti ekki vera of há., „þó lítið væri, fæla menn frá að leita læknisráða og snúa sjer heldur til skottulækna og hómópatanna, að minnsta kosti ef læknirinn hefði ekki öllu meira álit á sjer.“³⁸ Árið 1884 var

³¹ Jónas Jónassen, „Stúlkurnar mega ekki standa á votengi skinnsokkalausar“, bls. 36.

³² Jónas Jónassen, *Lækningabók handa alþýðu á Íslandi*, bls. 349–353.

³³ Einn af hómópötunum var séra Magnús Jónsson á Grenjadarstað í Þingeyjarsýslu. Sigríður Svana Pétursdóttir, „Í smáum skömmtum“ *Árbók Þingeyinga*, 39 (1996), bls. 23–35.

³⁴ Jón Hjaltalín, „Homöpatharnir“ *Þjóðólfi* 8. árg. 31. maí 1856, bls. 94–96. Jón Hjaltalín, *Vísindin, reynslan og homöpatharnir*. (Rvík: án útg 1856).

³⁵ „Það er ekki allt gull sem glóir“ (Höf ókunnur), *Norðri* 4. árg. 1. ágúst 1856, bls. 62.

³⁶ Þ.Í. Skjalasafn landlæknis, ársskýrslur héraðslækna, 1897, Seyðisfjarðarhéraði, Kristján Kristjánsson.

³⁷ *Alþingistíðindi*, fyrri partur, 1875, bls. 201–203. Frá árinu 1883 komst sú venja á að veita styrki til aukalæknishéraða. Framkæmd þeirra mála var nokkuð handahófskennd. Árið 1899 var lögfest að konungsveiting var á 20 læknisembættum og fylgdi þeim eftirlaunaréttur. Hin 22 embættin veitti landshöfðingi, þar voru launin lægri og ekki eftirlaunaréttur. *Stjórnartíðindi*, (nr.24/1899).–1899 A, bls. 114–125. Auk launa fengu læknar búsetu og ferðastyrki. *Efnisyfirlit stjórnartíðinda 1874–1903*, (læknamálefni), bls. 129–132.

³⁸ *Alþingistíðindi*, fyrri partur, 1875, bls. 198. Ný lög um skottulækningar (hómópatalækningar) voru samþykkt árið 1883. Í lögunum sagði að hómópatalækningar væru refsilausar nema skaði yrði sannaður af þeim. Einar Arnórsson, „Skottulækningar í íslenskum lögum“ *Tímarit lögfræðinga*, 3 (1953), bls. 226–254.

síðan tilskipuninni um læknaeyfi frá árinu 1794 breytt. Þar kom fram að sérhver sem stundaði lækningar án þess að vera löggiltur til læknisstarfa og yrði uppvis að því að gera einhverjum mein með lækningatilraunum sínum þyrfti að borga 100 krónur eða sitja í fangelsi í fjóra mánuði.³⁹ Þessar lagasetningar styrktu lækna sem embættismenn ríkisins og vopn þeirra var þekking á sjúkdómum en þar var ekki allt sem sýndist.

Það var mjög misjafnt hversu langt héraðslæknar gengu í að greina hysteriu hjá konum. Árið 1892 greindi Þorgrímur Þórðarson læknir í Austur-Skaftafellssýslu 16 konur með hysteriu. Ólafur Guðmundsson læknir í Rangárvallasýslu greindi hvorki fleiri né færri en 108 tilfelli en Bjarni Jensen læknir í Vestur-Skaftafellssýslu greindi ekkert tilfelli.⁴⁰ Hversvegna var beinlínis hysteriufaraldur í Rangárvallasýslu meðan ekki greindist eitt einasta tilfelli í Vestur-Skaftafellssýslu? Voru konur á þessu svæðum svona ólíkar? Ástæðurnar fyrir þessu eru sjálfsagt nokkrar en líklega hefur mestu ráðið hversu vel læknarnir voru að sér í nýjustu sjúkdómsgreiningum í geðlækisfræði. Það var misjafnt í hve miklum mæli héraðslæknar höfðu lesið eða kynnt sér nýleg fræðirit um hysteriu. Áhugi lækna og tækifæri til að kynna sér nýjar hugmyndir un geðsjúkdóma skýra því þessa aukningu á hysteriu tilfellum á Íslandi á seinni hluta 19. aldar frekar en breytt staða kvenna í samfélaginu.⁴¹ Árið 1896 voru karlar í fyrsta skipti greindir með hysteriu. Það gerðu Ásgeir Blöndal héraðslæknir í Árnessýslu sem greindi tvo og Þórður Thoroddsen héraðslæknir Gullbringusýslu sem greindi einn. Sama ár greindi Þorsteinn Jónsson héraðslæknir í Vestmannaeyjum tvo drengi með þennan sjúkdóm, annan 14 ára og hinn 10 ára.⁴²

Hvað hafði breyst? Til að svara því er ekki úr vegi að nefna annan sjúkdóm til sögunnar, neurastenthiu. Árið 1869 birti Georg Miller Beard grein í ritinu *Boston Medical and Surgical Journal*. Í greininni kynnti hann neurastenthiu, nýjan geðsjúkdóm sem hann taldi sig hafa uppgötvað. Fram að þessu hafði fólk ekki fengið lækningu við sjúkdómnum eða verið greint með hysteriu en ólíkt hysteriu virtist sjúkdómurinn ekki síður hrjá karlmenn en konur.⁴³ Neurastenthia brúaði bilið á

³⁹ *Stjórnartíðindi*, (nr. 4/1884).–1884 A, bls. 22.

⁴⁰ Þ.Í. Skjalasafn landlækis, ársskýrslur héraðslækna, 1892, 16. læknishéraði, Þorgrímur Þórðarson. Þ.Í. Skjalasafn landlækis, ársskýrslur héraðslækna, 1892, 18. læknishéraði, Ólafur Guðmundsson. Þ.Í. Skjalasafn landlækis, ársskýrslur héraðslækna, 1892, 17. læknishéraði, Bjarni Jensen.

⁴¹ Reyndar er erfitt að meta hversvegna þessir þrír læknar fara svo ólíkt að í störfum sínum. Þeir störfuðu allir eitt ár á fæðungarstofnunni í Kaupmannahöfn eftir próf í læknskólanum í Reykjavík. Eftir það urðu þeir héraðslæknar á Íslandi. Lárus H Blöndal, Vilmundur Jónsson, *Læknar á Íslandi*, I bindi, (Rvík: Ísafold 1970), bls. 151, 593 og 809.

⁴² Þess má reyndar geta að fram að þessum tíma voru hysteriu sjúklingar ekki alltaf kyngreindir. Það má þó gera ráð fyrir sjúklingarnir hafi í yfirgnæfandi tilvikum verið konur. Þ.Í. Skjalasafn landlækis, ársskýrslur héraðslækna, 1896, öðru læknishéraði, Þórður Thoroddsen. Þ.Í. Skjalasafn landlækis, ársskýrslur héraðslækna, 1896, 19. læknishéraði, Ásgeir Blöndal. Þ.Í. Skjalasafn landlækis, ársskýrslur héraðslækna, 1896, 20. læknishéraði, Þorsteinn Jónsson.

⁴³ Edward Shorter, *A history of psychiatry*, bls. 129–130 og 362. Það kemur fram í skrifum Elaine Showalter að neurastentia var viðurkennðari úti í samfélaginu en hysteria. Fyrirnefndi sjúkdómurinn var talinn stafa af þreytu á samfélaginu og var talinn geta hent flesta sem lentu í erfiðum aðstæðum meðan síðarnefndi sjúkdómurinn var talinn einkenna einstaklinga með veiklun og móþróa. Elaine Showalter, *The female malady*, bls. 121–144.

milli líkamlegra þreytueinkenna og andlegrar vanlíðunar og var sjúkdómurinn talinn fylgja stórborgarlífi. Í kjölfarið þróaði bandaríski geðlæknirinn Weir Silas meðferð, the rest care, eða hvíld á sérbúnum stofnunum. Árin 1890 og 1891 minntist Þorgrímur Johnsen héraðslæknir á Akureyri á sjúklinga með neurastenthiu í ársskýrslum sínum.⁴⁴

Ekki var því lengur horft til kynbundina þátta þegar sjúkdómur var greindur heldur var horft til þeirrar reynslu og áfalla sem einstaklingurinn hafði orðið fyrir. Ekki er jafnafráttarlaust gengið út frá þeirri hugmynd að kynin búi yfir ólíku eðli sem ákvarðaði hvaða geðsjúkdóma þau fengju. Rannsókn dönsku fræðikonunnar Jette Möllerhøj frá árinu 2009 staðfestir þetta. Þar kemur fram að 1/3 af þeim 3000 sjúklingum sem greindir voru með hysteriu og komu á geðdeild spítalans í Kaupmannahöfn á nefndu árabili hafi verið karlmenn.⁴⁵ Sömu breytingar eiga sér stað á Íslandi eftir aldamótin 1900. Manntalið árið 1910 sýnir að dregið hafði saman með kynjunum frá því sem var í fyrri manntölum þetta voru afgerandi breytingar og sýnir ljóslega hvernig íslenskir læknar reyndu að tileinka sér nýjar hugmyndir í geðlæknisfræðum.⁴⁶

Niðurlag

Eftir miðja 19. öld bar á nýjum hugmyndum um hysteriu á meginlandi Evrópu. Manntöl og ársskýrslur héraðslækna sýna að þessar hugmyndir náðu fótfestu á Íslandi. Undir aldamótin 1900 bárust síðan ný sjónarmið til landsins. Þá var horft til þeirra rauna sem einstaklingurinn hafði orðið fyrir og ekki var lengur gengið út frá því að kynbundnir þættir ákvörðuðu hvaða geðsjúkdómar hrjáðu viðkomandi.

⁴⁴ *D.Í.* Skjalasafn landlæknis, ársskýrslur héraðslækna, 1890, 1891, 11. læknishéraði, Þorgrímur Johnsen.

⁴⁵ Jette Möllerhøj, Encountering hysteria: doctor's perspective on hysteria in Denmark 1875-1918 *History of psychiatry* 20 (2009), bls. 163-183.

⁴⁶ Sjá töflu 1.1. *D.Í.* Hagstofa Íslands, manntal 1910.